

Grunnupplýsingablað

Markmið: Þetta upplýsingablað veitir yður mikilvægar upplýsingar um þessa fjárfestingarvöru. Ekki er um auglýsingaefni að ræða. Lög mæla fyrir um að veita skuli þessar upplýsingar og þjóna þær því markmiði að auðvelda yður að skilja eðli, áhættu, kostnað sem og mögulegan hagnað og tap vegna þessarar vöru sem og að aðstoða yður við að bera hana saman við aðrar vörur.

Vara: PrivatRente WachstumGarant [EinstaklingsLífeyrir VaxtarTrygging]

Framleiðandi	Versicherungskammer Versicherungsgemeinschaft SAARLAND Leben	fram kemur fyrir hönd samtakanna Bayern-Versicherung Lebensversicherung Aktiengesellschaft Pósthólf 10 26 62 66026 Saarbrücken	Hlutaðeigandi eftirlitsstofnun: Bundesanstalt für Finanzdienstleistungsaufsicht (BaFin) Graurheindorfer Str. 108, 53117 Bonn www.bafin.de
---------------------	--	--	--

Samstarfsaðili yðar varðandi samninginn er Versicherungskammer Versicherungsgemeinschaft SAARLAND Leben. Eftirtaldir aðilar tryggingasamtakanna [Mitversicherungsgemeinschaft] eru ábyrgir í samræmi við eignarhlut sinn:

SAARLAND Lebensversicherung Aktiengesellschaft, Saarbrücken	99,0% hlutur	Bayern-Versicherung Lebensversicherung Aktiengesellschaft, München (sem fyrrverandi meðtryggingandi)	1,0% hlutur
--	--------------	---	-------------

Frekari upplýsingar fáid þér undir slóðinni
www.saarland-versicherungen.de og símléiðis í númerinu (089) 21 60-0. **Upplýsingablaðið miðast við stöðuna 21.09.2019**


Þér eruð í þann veginn að festa kaup á vöru sem er ekki einföld og erfitt getur verið að skilja.

Um hvers konar vöru er að ræða?

Tegund	Tryggingafjárfestingarvaran PrivatRente WachstumsGarant er söfnunarlífeyrstrygging með vísitölutengingu, samkvæmt þýskum lögum, og hentar hún bæði fyrir einka- og atvinnufjárfestingar.						
Markmið	<p>Markmið tryggingafjárfestingarvörunnar PrivatRente WachstumGarant er sjálfbær fjármögnun umsaminna greiðslna í þágu langtímalífeyrstryggingar. Í þessu skyni er inneigninni fjárfest eftir fyrirfram ákveðinni aðferð í hlutum í vísitölutengdri fjárfestingu (IOK) sem og í öðrum eignum okkar. Tiltekið prósentuhlutfall iðgjalda yðar sem við upphaf lífeyristöku skal að minnsta kosti renna til myndunar tryggðs lífeyris eða greiðslu inneignar, ýmist sem tryggður lífeyrir eða sem eingreiðsla (tryggingarstig) ákvarðast sem 100%. Í þessu sambandi færur við inneignina innan IOK í sífellu til, eftir markaðsaðstæðum, til að ábyrgjast tryggða lágmarksinneign til langs tíma.</p> <p>Auk þess getur myndast aðild að hagnaði, sem rennur beint inn í inneignina. Aðildin að hagnaði er í samræmi við fyriræli laga og er háð ýmsum breytum. Mikilvægir áhrifavaldar eru þróun fjármagnsmarkaðar, þróun kostnaðar og almennar lífslíkur. Við samsetningu inneignarinnar höfum við ekki markvisst tekið mið af siðferðislegum, félagslegum og umhverfislegum fjárfestingarleiðum.</p>						
Markhópur einstaklingsfjárfesta	<p>Þessi afurð beinir orðum sínum til viðskiptavina sem búa á Íslandi. Hún hentar viðskiptavinum sem hafa hug á að byggja upp á löngum tíma varasjóð sem ellilífeyri. Við upphaf lífeyristöku viljið þér fá ávilangan lífeyri eða greiðslu inneignar. Ákveðnar sveiflur á samningstímanum, sem einnig geta orsakast af gengissveiflum IOK verður viðskiptavinurinn að sætta sig við. Því hærrí sem áhættuflokkur fjárfestingar er, þeim mun hærrí er þessi áhætta. Með tryggingarstigi sem nemur 100 % hentar afurðin viðskiptavinum sem leggja áherslu á öryggi. Við tryggingarstig sem nemur 100 % skiptir það viðskiptavin miklu máli að við upphaf lífeyristöku skuli að minnsta kosti 100 % greiddra iðgjalda hans renna til tryggðs lífeyris eða notist til fjárfestinga, þar er því ekki um tapáhættu að ræða. Sérstakrar þekkingar á fjármálamörkuðum eða reynslu af tryggingafjárfestingaafurðum og/eða fjárfestingavörupökkum er ekki krafist. Viðskiptavinur ætti þó að óska eftir ráðgjöf varðandi afurðina.</p>						
Tryggingargreiðslur og kostnaður	<p>Frá fyrirsjáanlegu upphafi lífeyristöku greiðum við út tryggðan lífeyri ávilangt. Lífeyririnn er reiknaður út við upphaf lífeyrisgreiðslu á grundvelli inneignar á þeim tíma og eftir atvikum þátttöku í hagnaði á grundvelli þeirra reikniforsendna sem þá eru í gildi. Í 100 % tryggingarstigi eru að minnsta kosti 100 % greiddra iðgjalda til reiðu til ávöxtunar. Tryggð lágmarksinneign getur hækkað: tíu prósent verðmætaaukningar IOK á mánuði eru sjálfkrafa tryggð sem afrakstur.</p> <p>Við greiðum að lágmarki hinn tryggða lágmarkslífeyri. Strax meðan á útborgunartímanum stendur getið þér fengið útborgaðan skertan lífeyri fyrir fram fyrsta dag hvers mánaðar. Í stað lífeyrisins getið þér einnig látið greiða yður út inneignina í formi eingreiðslu. Ef þér hefjið ekki töku lífeyris á áætluðum upphafstíma getið þér gert það á framlengingartímabilinu sem þá tekur við.</p> <p>Ef hinn tryggði andast fyrir áætlað upphaf lífeyristöku greiðum við út inneign hans. Ef hinn tryggði andast eftir að hann hefur hafið töku lífeyris greiðum við út inneign hans að frádregnum þeim lífeyri sem hann hefur þegar fengið greiddan. Ef ekki hefur verið samið um greiðslu vegna andláts innum við ekki af hendi neina greiðslu og samningnum lýkur. Frekari upplýsingar um greiðslur er að finna í kaflanum „Hvaða áhætta er fyrir hendi og hvað gæti ég fengið í staðinn?“. Útreikningar okkar í þessu upplýsingablaði miðast við 37 ára gamlan einstakling með samning sem gildir til 67 ára aldurs og 1.000,00 evru iðgjaldagreiðslu á ári.</p>						
	<p>Fjárhæðin skiptist nokkurn veginn eins og hér segir:</p> <table><tr><td>Fjöldi iðgjaldagreiðslna</td><td>30</td></tr><tr><td>Árlegt meðaliðgjald vegna dánartryggingar (áhættuiðgjald)</td><td>0,00 evrur (0,00 prósent)</td></tr><tr><td>Árlegt meðalfjárfestingarupphæð</td><td>1.000,00 evrur (100,00 prósent)</td></tr></table> <p>Með dánartryggingu skapast kostnaður og nema áhrif hans á sjóðsávöxtunina við lok ráðlagðs söfnunartímabils 0,00 prósent. Hlut þessa kostnaðar í öðrum hlaupandi kostnaði má sjá í töflunni „Sundurliðun kostnaðar“. Þar er tekið tillit til áhrifa iðgjaldarhlutarins, sem svarar til áætlaðs virðis tryggingargreiðslnanna.</p>	Fjöldi iðgjaldagreiðslna	30	Árlegt meðaliðgjald vegna dánartryggingar (áhættuiðgjald)	0,00 evrur (0,00 prósent)	Árlegt meðalfjárfestingarupphæð	1.000,00 evrur (100,00 prósent)
Fjöldi iðgjaldagreiðslna	30						
Árlegt meðaliðgjald vegna dánartryggingar (áhættuiðgjald)	0,00 evrur (0,00 prósent)						
Árlegt meðalfjárfestingarupphæð	1.000,00 evrur (100,00 prósent)						
Gildistími	Ráðlögðum gildistíma lýkur við upphaf lífeyristöku. Í dæminu sem hér er tekið er gildistíminn 30 ár.						
	Okkur er að tilteknum forsendum uppfylltum heimilt að segja samningnum upp einhliða ef tryggingartaki eða eftir atvikum hinn tryggði einstaklingur hefur brotið gegn tilkynningarskyldu sinni (sjá varðandi þetta kaflann „Hvað merkir tilkynningarskylda áður en samningur er gerður og hvaða afleiðingar hefur það að brjóta gegn henni?“ í almennu skilmálunum).						

Hvaða áhætta er fyrir hendi og hvað gæti ég fengið í staðinn?

Áhættuvísir



Heildar áhættuvísirinn aðstoðar yður við að meta áhættu við þessa vöru í samanburði við áhættuna við aðrar vörur. Hann sýnir yður hversu miklar líkur eru á því að þér tapið peningum með þessari vöru vegna tiltekinna þróunar markaða eða vangetu okkar til að greiða yður út. Á skala frá 1 til 7 höfum við skipað þessari vöru í áhættuflokk 1, þar sem 1 samsvarar áhættuminnsta flokknum. Hættan á hugsanlegu tapi vegna verðmætaþróunar í framtíðinni telst vera mjög lítil. Við skilyrði óhagstæðrar þróunar markaða er ólíklegt að geta okkar til að greiða yður skerðist.

Ef þér segið upp samningnum áður en umsaminn gildistími hans er runninn út fáið þér endurkaupsvirði samningsins, að því marki sem um það er að ræða, að frádregnum tilteknum afföllum (sjá um þetta kaflann „Hversu lengi ætti ég að geyma fjárfestinguna og get ég tekið út peninga fyrir fram?“), eftir atvikum að viðbættari aðild að hagnaði.

Afkastasviðsmyndir

Taflan sýnir hversu hárra greiðslna þér getið vænst á næstu 30 árum miðað við ólíkar sviðsmyndir og miðað við að þér greiðið inn 1.000,00 evrur árlega. Sviðsmyndirnar sýna hvernig fjárfesting yðar gæti þróast. Þér getið borið þessar upplýsingar saman við sviðsmyndir fyrir aðrar vörur.

Fjárfesting 1.000,00 evrur á ári		1 ár	15 ár	30 ár
Sviðsmyndir				
Áhættusviðsmynd	Hvers getið þér vænst að frádregnum kostnaði?	737,62 €	13.999,44 €	30.471,73 €
	Árleg meðalávöxtun	-26,24 %	-0,87 %	0,10 %
Svartsýn sviðsmynd	Hvers getið þér vænst að frádregnum kostnaði?	737,62 €	14.944,15 €	35.416,70 €
	Árleg meðalávöxtun	-26,24 %	-0,05 %	1,05 %
Miðlungs sviðsmynd	Hvers getið þér vænst að frádregnum kostnaði?	737,62 €	16.134,05 €	45.923,79 €
	Árleg meðalávöxtun	-26,24 %	0,91 %	2,62 %
Bjartsýn sviðsmynd	Hvers getið þér vænst að frádregnum kostnaði?	737,62 €	17.845,36 €	70.751,19 €
	Árleg meðalávöxtun	-26,24 %	2,14 %	5,08 %
Heildarfjárfesting		1.000,00 €	15.000,00 €	30.000,00 €

Sviðsmyndir í dánartilviki

Tryggingartilvik	Möguleg upphæð til handa réttihafa yðar að frádregnum kostnaði	1.000,00 €	15.441,44 €	45.923,79 €
Uppsafnað tryggingariðgjald (áhættuiðgjald)		0,00 €	0,00 €	0,00 €

Framangreindar sviðsmyndir eru í samræmi við mat á þróun virðis þessarar fjárfestingar í framtíðinni á grundvelli þróunar hennar í fortíð og eru ekki nákvæmur vísir. Hversu mikið þér fáið í reynd fer eftir því hvernig markaðurinn þróast og hversu lengi þér haldið vörinni. Áhættusviðsmyndin sýnir hversu mikillar endurgreiðslu þér getið vænst við öfgafullar aðstæður á mörkuðum og hún gerir ekki ráð fyrir því tilviki að við yrðum í þeirri aðstöðu að vera ekki greiðslufærir. Í tölunum sem tilgreindar eru er gert ráð fyrir öllum kostnaði vegna vörunnar sjálftrar sem og kostnaði ráðgjafa eða dreifingaraðila yðar. Í tölunum sem tilgreindar eru er ekki tekið tillit til persónulegra skattalegra aðstæðna yðar sem geta haft áhrif á það hversu mikið þér fáið til baka.

Hvað gerist ef samtökin Versicherungskammer Versicherungsgemeinschaft SAARLAND Leben eru ekki í stakk búin að inna greiðsluna af hendi?

Aðilar samtakanna Versicherungskammer Versicherungsgemeinschaft SAARLAND Leben eru jafnframt aðilar að samtökunum Sicherungseinrichtung Protektor Lebensversicherung-AG. Þessi samtök tryggja að jafnaði vernd alls uppsafnaðs sparnaðar ef tryggingafélag verður gjaldþrota. Skyldi varasjóður tryggingasamtakanna ekki nægja getur, að fengnu samþykki Bundesanstalt für Finanzdienstleistungsaufsicht [Fjármálaþjónustueftirlit Þýskalands], komið til allt að 5,00 prósentu rýrnunar umsaminnna tryggingargreiðslna.

Hvaða kostnaður fellur til?

Rýrnun ávöxtunarinnar (Reduction in Yield-RIY) sýnir áhrif heildarkostnaðar yðar á ávöxtun sparnaðarins sem þér gætuð fengið. Innifalið í heildarkostnaðinum eru eingreiðslur, reglulegar greiðslur og viðbótarkostnaður. Fjárhæðirnar sem hér eru sýndar svara til samanlagðs kostnaðar vegna vörunnar miðað við þrjú ólík tímabil. Í þeim felast hugsanlegar refsingar ef samningnum er rift fyrir lok gildistímans. Tölurnar miðast við að sparnaður yðar sé 1.000,00 evrur. Tölurnar eru áætlanir og geta breyst í framtíðinni.

Kostnaður í tímaframvindu

1.000,00 evru sparnaður á ári. 0,00 evru tryggingariðgjald (áhættu- iðgjald sem er innifalið í sparnaðinum)	Innlausn eftir 1 ár	Innlausn eftir 15 ár	Innlausn eftir 30 ár
Heildarkostnaður	280,39 €	2.796,09 €	6.684,75 €
Áhrif á ávöxtun (RIY) á ári	28,51 %	2,51 %	1,32 %

Einstaklingurinn sem selur yður þessa vöru eða ráðleggur yður að kaupa hana getur krafist yður um frekari kostnað. Ef um þetta er að ræða upplýsir viðkomandi yður um þennan kostnað og sýnir yður hvernig heildarkostnaður getur haft áhrif á fjárfestingu yðar í tíma.

Samsetning kostnaðar

Eftirfarandi tafla sýnir áhrif ólíkra tegunda kostnaðar á árlega ávöxtun fjárfestingarinnar sem þér getið fengið greidda að loknum ráðlögðum gildistíma og hvað felst í hinum ólíku kostnaðartegundum.

Þessi tafla sýnir áhrifin á árlega ávöxtun			
Eins skiptis kostnaður	Stofnkostnaður	0,19 %	Áhrif kostnaðar sem er innifalinn í verðinu [gefinn er upp hámarkskostnaður; þér greiðið etv. minna]. Kostnaður vegna dreifingar vöru yðar er innifalinn.
	Riftunarkostnaður	0,00 %	Áhrif kostnaðar sem fellur til ef þér hættið sparnaðinum á eindaga.
Hlaupandi kostnaður	Færslukostnaður verðbréfasafns	0,01 %	Áhrif kostnaðar sem fellur til vegna þess að við kaupum og seljum fjárfestinguna sem liggur til grundvallar vörunni.
	Annar hlaupandi kostnaður	1,12 %	Áhrif kostnaðar sem við drögum árlega frá yður fyrir umsýslu með fjárfestingunni sem og vegna kostnaðar sem tilgreindur er í kaflanum „Um hvers konar vöru er að ræða?“ og undirkaflanum „Tryggingargreiðslur og kostnaður“.

Raunverulegur kostnaður getur verið annar en ofangreindur kostnaður og fer hann t.d. eftir fjárhæð fjárfestingar yðar, ákvæðum samningsins eða fjárfestingarleiðinni sem þér veljið.

Hversu lengi á ég að halda fjárfestingunni og get ég tekið út peninga fyrir fram?

Þér getið afturkallað samningsyfirlýsingu yðar innan 30 daga. Nánari upplýsingar er að finna í upplýsingum um afturköllun sem þér fáði afhentar með tryggingarskránni.

Fyrir 37 ára gamlan einstakling er mælt með 30 ára gildistíma

Ráðlögðum gildistíma lýkur þegar taka lífeyris hefst og miðast hann við lífeyrismarkmiðið.

Þér getið sagt upp samningnum hvenær sem er og tekur uppsögnin gildi á fyrsta degi næsta mánaðar á eftir. Þegar um þetta er að ræða fáði þér greitt endurkaupsvirðið, eftir atvikum að viðbætti hagnaðarhlutdeild með frádrætti (sjá um þetta kaflann „Hvenær getið þér sagt samningnum upp og hvert er framlag okkar“ í almennum skilmálum).

Hvernig get ég komið á framfæri kvörtunum?

Þér getið komið á framfæri kvörtunum um vöruna, okkur eða einstaklinginn sem seldi yður vöruna símléiðis (0681/601375). Við munum útskýra fyrir yður hvað þér getið gert. Þér getið einnig komið kvörtunum á framfæri á heimasíðu okkar (www.saarland-versicherungen.de), með bréfpósti (Versicherungskammer Versicherungsgemeinschaft SAARLAND Leben, fram kemur f.h. samstakanna Bayern-Versicherung Lebensversicherung AG, pósthólf 10 26 62, 66026 Saarbrücken) eða með tölvupósti (service@saarland-versicherungen.de).

Aðrar hagnýtar upplýsingar

Upplýsingarnar sem koma fram í þessu grunnupplýsingablaði byggja á fyrirmælum Evrópusambandsins og geta því vikið frá upplýsingaskyldu við gerð (for)samninga samkvæmt þýskum lögum. Frekari hagnýtar upplýsingar er að finna í persónulegu tilboði okkar.

Við undirritun samningsins fáði þér mikilvægar viðbóturupplýsingar í eftirtöldum gögnum sem þér hafið lagalegan rétt á: Upplýsingar skv. tilskipun um upplýsingaskyldu [VVG-Informationspflichtenverordnung], Almennir samningskilmálar, Almennar ábendingar um skattamál, tryggingarskránni.